

Fundargerð nr. 192**192. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 18.3.2019 kl. 8:45**

Mætt: Rakel Sveinsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurjón Vídalín, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. **Skólagjöld 2019-2020.** Samþykkt að hækka skólagjöld u.þ.b. 3,5 prósent sem er í takt við verbólguspá.
2. **Húsnæðismál.**
Félagsheimilið Staður á Eyrarbakka, uppsögn. Tónlistarskólinn mun flytja tónlistarkennslu frá 1. júní 2019 í Barnaskólann á Eyrarbakka. Húsnæðinu í félagsheimilinu Stað hefur verið sagt upp frá þeim tíma.
Umræður um húsnæðismál Tónlistarskólans, verulega er farið að þrengja að skólanum í húsnæðinu að Eyrarvegi 9 og rætt um aðstöðu í Samfylkingarsal.
3. **Gluggar í hurðum í kennslustofur.** Skólastjórnendum er falið að senda beiðni um að kennslurými Tónlistarskólans hafi glugga í hurðum. Er það með öryggi nemanda og kennara að leiðarljósi.
4. **Tónleikakosnaður.** Almennt hefur tónleikahald í húsnæði sveitarfélaga verið skólanum að kosnaðarlausu. Stjórn beinir því til sveitarfélaga sem eru aðilar að Tónlistarskólanum að ekki sé verið að innheimta fyrir tónleikahald í húsnæði í eigu sveitarfélaganna.
5. **Önnur mál.**

Rætt um hugsanlegar breytingar á endurskoðun og reikningshaldi fyrir Tónlistarskólann.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:15/KH

*Rakel Sveinsdóttir,
Kolbrún Haraldsdóttir,
Sigurjón Vídalín,
Helga Sighvatsdóttir,
Jóhann I. Stefánsson*